

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 13. febrúar 2018 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-69/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 4. október 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst endurgreiðslu á viðgerðarkostnaði.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 11. október 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 7. nóvember 2017. Hinn sama dag voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og honum bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum 4. desember 2017. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 9. febrúar 2018, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-0000, af gerðinni Mercedes Benz GLK 220, árgerð 2012, á 4.000.000 krónur af seljanda þann 1. mars 2017 samkvæmt meðfylgjandi kaupsamningi og afsali. Bifreiðin hafði verið ekin um 60.000 km. við kaupin. Álitsbeiðandi kveðst hafa skoðað bifreiðina með hefðbundinni athugun fyrir kaupin og að ekkert óeðlilegt hafi mátt sjá við bifreiðina. Álitsbeiðanda hafði þó verið sagt frá því fyrir kaupin að annar lykkillinn að bifreiðinni væri batteríslaus en að öðru leyti væri hann í fullkomnu lagi. Einnig segir álitsbeiðandi að henni hafi verið kunnugt um bremsubúnað bifreiðarinnar og gagnrýndi hann en segir seljanda hafa fullyrt að fagmaður hafi skoðað búnaðinn og hann ætti að endast a.m.k. út árið. Að sögn álitsbeiðanda tilkynnti fyrri eigandi henni einnig að hún hafi sérstaklega látið athuga ástand smurolíu á bifreiðinni.

Fljótlega eftir kaupin segist álitsbeiðandi hafa orðið vör við að svartur smurolíupollur væri í bifreiðastæði sínu þar sem bifreiðin stóð. Í ljós kom eftir athugun á verkstæði Öskju að smurolíulekinn var vegna þess að áfyllingartappi hafi ekki verið settur rétt á og því ekki þéttur. Einnig kom í ljós að lykkillinn að bifreiðinni er ónýtur og kaupa þarf nýjan sem kostar ekki undir 50-60.000 kr. Nálægðarskynjarar voru einnig ónýtir að sögn álitsbeiðanda. Að lokum kom í ljós að skipta þurfti út olíu á sjálfskiptingu bifreiðarinnar þar sem slíkt á að gera við 60.000 km. akstur samkvæmt framleiðanda bifreiðarinnar svo ekki komi upp bilun en álitsbeiðandi telur að seljanda beri að greiða fyrir það þar sem bifreiðin hafi verið ekin um 63.000 km. við kaupin.

Álitsbeiðandi krefst þess að fá endurgreiddan útlagðan kostnað að fjárhæð 212.023 kr., auk andvirði lykilsins að fjárhæð 59.480 krónur. Að auki krefst álitsbeiðandi greiðslu fyrir útlagðar vinnustundir vegna þessa „umstangs“ í 8 klukkustundir, samtals 30.400 krónur, kostnað vegna þrifa í tvö skipti hjá Löður ehf. að fjárhæð 4.000 kr. og 3. lítrar af smurolíu að fjárhæð 8.847 krónur. Alls krefst álitsbeiðandi greiðslu að fjárhæð 255.270 krónur.

## IV

### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að næsta þjónustuskoðun hjá Öskju hafi verið áætluð í júlí 2017 en tilkynning um það átti að birtast í mælaborði bifreiðarinnar. Seljandi segist því ekki hafa vanrækt að setja olíu á bifreiðina auk þess sem magn olíu hafi verið nægjanlegt við kaupin, en það hafi verið athugað sama dag og kaupin fóru fram. Seljandi segir að aldrei hafi verið hreyft við olíuloki bifreiðarinnar nema af Öskju í þjónustuskoðun sem fór fram mörgum mánuðum fyrir sölu bifreiðarinnar og kveðst seljandi ekki hafa skýringu á því að loki á vélarhúsi hafi ekki verið rétt lokað.

Seljandi tekur fram að álitsbeiðandi hafi upplýst hann um að hún hafi farið nokkrar ferðir úr bænum á bifreiðinni, þar á meðal nokkrum sinnum til Hveragerðis, áður en vandamál með olíuleka kom fram. Askja hafi tekið bifreiðina í skoðun og samkvæmt þeim hafi ekkert verið að bifreiðinni nema að lokið sem fyllt var á hafi verið laust og olía lekið út um vélarhúsið. Fyllt var á olíuna og bifreiðin var í góðu lagi. Aldrei lak olíudropi úr bifreiðinni meðan hún var í eigu seljanda að hans sögn.

Þá segir seljandi að samkvæmt gögnum frá Öskju sé lykillinn ekki ónýtur heldur mögulegt að hann leki rafmagni þannig að ending rafhlöðu sé skemmri en ella. Álitsbeiðandi hafi ekki keypt nýjan lykil heldur aðeins kannað verð hans. Seljandi segir að nálægðarskynjarar hafi virkað vel meðan bifreiðin var í hans eigu.

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda segir álitsbeiðandi að fram komi í athugasemdum seljanda að olía bifreiðarinnar hafi verið athuguð á kaupdegi og telur álitsbeiðandi að það sé ástæðan fyrir olíulekanum. Álitsbeiðandi tekur fram að hún hafi aðeins ekið eina ferð til Hveragerðis á bifreiðinni og til Keflavíkur.

Álitsbeiðandi segir að starfsmaður Öskju hafi fullyrt að olía hafi safnast fyrir á pönnu bifreiðarinnar í nokkurn tíma sem orsaki það að lekinn hafi ekki komið strax í ljós.

Álitsbeiðandi tekur fram að lykillinn sé ónýtur samkvæmt starfsmanni Öskju og að fullyrðingar seljanda um annað standist ekki.

## VI

### Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 1. mars 2017 fyrir 4.000.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2012 og var því 5 ára á kaupdegi og við kaupin hafði hún verið ekin um 60.000 km. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 1. mars 2017, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við.“

Kærufndin álítur að um kaupin gildi 19.-20. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkpl.), en þar segir m.a. eftirfarandi:

**19. gr. Hlutur seldur** „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt sölulhútur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann,

eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða

c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

**20. gr. Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.**

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Álitsbeiðandi telur galla vera á bifreiðinni en krafan byggir á því að lykill bifreiðarinnar sé ónýtur, að smurolía hafi lekið, skipta hafi þurft um olú á sjálfsskiptingu svo og að nálægðarskynjarar séu ónýtir.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. a-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina og honum voru ljós, sbr. b-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl. Óvíst er að seljanda hafi verið kunnugt um nokkra annmarka á bifreiðinni. Líta verður svo á að í ljósi atvika hafi seljandi gefið allar þær upplýsingar sem honum voru kunnar um ástand bifreiðarinnar við kaupin. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. lkpl.

Álitsbeiðandi telur að galli hafi verið á bifreiðinni á þeim tíma er hann festi kaup á henni en þeir hafi komið í ljós stuttu eftir að hann hóf að nota hana. Í málinu hafa ekki verið lagðar fram upplýsingar um mögulega orsök bilunar í nálægðarskynjurum og hvenær hún kann að hafa komið fram. Er því ekki unnt að fallast á að um galla sé að ræða sem seljandi beri ábyrgð á. Álitsbeiðandi krefst einnig greiðslu fyrir olú á sjálfsskiptingu bifreiðarinnar sem þurfi að skipta um eftir 60.000 km. akstur. Röksemdir álitsbeiðanda fyrir þeirri kröfu eru að bifreiðin hafi verið ekin 63.000 km. við kaupin. Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 1. mars 2017, var bifreiðin hins vegar ekin 60.800 km. við kaupin auk þess sem líta verður svo á að um eðlilegt og fyrirsjáanlegt viðhald sé að ræða, en ekki galla í skilningi lausafjárkaupalaga. Er því ekki unnt að fallast á að seljanda beri að greiða þann kostnað. Álitsbeiðandi krefst einnig greiðslu útlagðs kostnaðar vegna smurolíuleka sem kom í ljós tæpum tveimur mánuðum eftir kaupin. Að sögn álitsbeiðanda má rekja lekann til þess að ekki hafi verið nægilega vel lokað fyrir vélarhús bifreiðarinnar. Af þeim upplýsingum sem fram hafa komið í málinu getur nefndin hins vegar ekki fallist á að það sé sannað að olíulekann megi rekja til atriða sem seljandi ber ábyrgð á. Verður því að hafna þeirri kröfu álitsbeiðanda.

Í dagsettum reikningi frá verkstæði Öskju þann 26. apríl 2017 kemur fram að skipta þurfi um rafhlöðu í lykli af bifreiðinni en ef það virki ekki sé um útleiðslu að ræða og þá verði að fá nýjan lykil. Nánari upplýsingar um bilun lykilsins liggja ekki fyrir í málinu og er ekki unnt að fullyrða að álitsbeiðandi þurfi að festa kaup á nýjum lykli eða að fullreynt hafi verið að skipta um rafhlöðu. Ef ný rafhlaða dugar hins vegar ekki til þess að laga bilun lykilsins

álítur kærufndin að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda kostnað sem hlýst af því að kaupa nýjan lykil samkvæmt framlögðum reikningi, sbr. 1. mgr. 34. gr. lkpl.

Kröfu álitsbeiðanda um greiðslu að fjárhæð 30.400 krónur fyrir útlagðar vinnustundir er hafnað þar sem sú krafa hefur ekki verið rökstudd með haldbærum gögnum.

## VII Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, andvirði nýs lykils samkvæmt framlögðum reikningi ef ný rafhlaða bætir ekki úr bilun lykilsins.

Öðrum kröfum álitsbeiðanda er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson